



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. september 2026

SFS26090072

MINNISBLAÐ

Uppfærð viðmið um skólasókn og vinnslu skólasóknarmála í leik- og grunnskólastarfi Reykjavíkur

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lagt skýrar línur um viðbrögð og samvinnu skóla- og velferðarkerfa vegna skólasóknar barna. Þessu til grundvallar er skýrsla teymis um skólaforðun barna, sem gefin var út desember 2017 og viðmið um [skólasókn barna í grunnskólum borgarinnar](#) sem skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkti haustið 2019. [Lög um farsæld barna tóku gildi þann 1. janúar árið 2022](#) sem gerir enn frekari kröfur til kerfanna um að grípa inn í sé þörfum barns ekki mætt og aðstoða barnið.

Komin er reynsla á upphaflega verklagið um vinnslu skólasóknarmála í grunnskólum og með tilkomu laga um farsæld barna var tímabært að uppfæra leiðbeiningar til starfsfólks á vettvangi skólanna. Rannsóknir sýna að skólasóknarvandi grunnskólabarna geti átt rætur að rekja til ástundunar og skólasóknar barna í leikskólann. Vorið 2026 var því ákveðið að tímabært væri að endurskoða og uppfæra fyrri viðmið og leiðbeiningar á heildstæðan hátt í leik- og grunnskólum í Reykjavík í takt við lög um farsæld barna og samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur.

Tveir hópar tóku til starfa á vegum Reykjavíkurborgar sem skipaðir voru stjórnendum í leik- og grunnskólum, aðilum úr miðlægri skólaþjónustu borgarinnar og barnaverndar ásamt verkefnastjórum farsældar barna í Reykjavík. Annar hópurinn rýndi skólasóknarreglur og verklag tengt skólasókn í leik- og grunnskólum og hinn hópurinn rýndi sérstaklega úrræði og stuðning við 14-18 ára nemendur sem eiga í skólasóknarvanda (kallaður NEET hópur) og eru að færast frá grunnskóla og yfir í framhaldsskóla. Markmiðið var að kortleggja á heildstæðan hátt hvernig stutt er við og unnið með skólasóknarvanda barna í Reykjavík þvert á kerfi.

Í vinnu hópanna tveggja í Reykjavík var lögð áhersla á að kjarna betur ábyrgð hvers og eins á báðum skólastigum varðandi vinnslu skólasóknarmála með hliðsjón af stigskiptum stuðningi þvert á svið borgarinnar (skólastarf, miðlæg skóla- og félagsþjónusta, barnavernd), hvernig stuðla megi að eflingu samstarfs heimila og skóla við úrlausn á skólasóknarvanda, að auðvelda aðgengi starfsfólks að gögnum og bjargráðum (áætlun um bættu skólasókn, ástundunarsamningur, viðtalsvísir, bjargráðabanki) og hvernig ber að haga skráningu varðandi vinnslu málanna í Búa og málaskrár viðkomandi aðila sem að málum koma.



Reykjavík



Á vormánuðum 2026 hófu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu einnig vinnu varðandi skólasóknarmál í gegnum farsældarráð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið var að samræma viðmið um skólasókn milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Mennta- og barnamálaráðuneytið setti einnig í gang þrjá hópa á svipuðum tíma sem áttu að stuðla að bættri vinnslu og gagnasöfnun í þessum málaflokki. Einn skólastjóri í Reykjavík situr í þeim hópi. Nú er komið á samstarf allra þessara aðila og hafa [samræmd viðmið fyrir landið verið gefin](#) út í samstarfi við ýmsa hagaðila. Núverandi skólaár verður nýtt sem aðlögunar- og þróunarár hjá sveitarfélögum og ráðuneyti.

Uppfærð viðmið Reykjavíkur um skólasókn verða gefin út á næstu vikum. Samhliða þessari vinnu er hópur að störfum að útbúa leiðbeiningar varðandi mikilvægi skólatengsla og skólasóknar barna í leikskóla. Þær leiðbeiningar verða einnig gefnar út á næstum vikum.

Fræðsluáætlun varðandi skólatengsl og uppfærð viðmið um skólasókn til starfsstaða í leik- og grunnskólum í Reykjavík, foreldra og barna hefur þegar verið mótuð og sett af stað.

